

# Brynja – Hússjóður Öryrkjabandalagsins

Viðhorf íbúa til þjónustu 2014



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS





## Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Brynju - Hússjóð Öryrkjabandalagsins
Markmið rannsóknar	Að meta starfsemi Brynju – Hússjóðs. Upplýsingarnar verða nýttar til að bæta þjónustu hússjóðsins. Til viðbótar verða niðurstöðurnar bornar saman við niðurstöður úr þjónustukönnun sem gerð var árið 2010.
Dagsetning skýrsluskila	28. október 2014

## Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Heiður Hrund Jónsdóttir
Úrvinnsla	Heiður Hrund Jónsdóttir
Skýrslugerð	Heiður Hrund Jónsdóttir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir

## EFNISYFIRLIT

<b>Helstu niðurstöður</b> .....	<b>4</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
<b>Framkvæmd og heimtur</b> .....	<b>5</b>
Tafla i. Framkvæmd könnunarinnar .....	5
Tafla ii. Hlutfallsleg skipting aldurs í úrtaki og svörun .....	6
<b>Úrvinnsla</b> .....	<b>7</b>
<b>Bakgrunnsupplýsingar</b> .....	<b>8</b>
Tafla 1. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir kyni .....	8
Mynd 1. Kyn svarenda .....	8
Tafla 2. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir aldri.....	8
Mynd 2. Aldur svarenda .....	8
Tafla 3. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir búsetu .....	9
Mynd 3. Búseta svarenda .....	9
Tafla 4. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir heimilisfangi .....	9
Mynd 4. Heimilisfang svarenda.....	9
Tafla 5. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir hjúskaparstöðu .....	10
Mynd 5. Hjúskaparstaða svarenda .....	10
Tafla 6. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ráðstöfunartekjum .....	11
Mynd 6. Ráðstöfunartekjur svarenda .....	11
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>12</b>
1. Hvenær fluttir þú fyrst í húsnæði á vegum Brynju – Hússjóðs ÖBÍ?.....	12
2. Hvenær fluttir þú fyrst í þá íbúð sem þú ert í nú?.....	13
3. Finnst þér almennt gott eða slæmt að búa í þinni íbúð?.....	14
3. frh. Finnst þér almennt gott eða slæmt að búa í þinni íbúð? .....	15
4. Ef þú miðar við þær tekjur sem þú hefur í dag, myndir þú kjósa að búa áfram í þessari íbúð eða myndir þú vilja búa við annars konar fyrirkomulag?.....	16
4. frh. Ef þú miðar við þær tekjur sem þú hefur í dag, myndir þú kjósa að búa áfram í þessari íbúð eða myndir þú vilja búa við annars konar fyrirkomulag?.....	17
5. Værir þú tilbúin(n) til að greiða hærra leigu ef þú fengir stærra húsnæði? .....	18
6. Finnst þér þjónusta skrifstofu Brynju - Hússjóðs Öryrkjabandalagsins almennt vera góð eða slæm? 19	

---

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Meirihluti íbúa á vegum Brynju – Hússjóðs Öryrkjabandalagsins, eða 82%, telja gott að búa í þeirri íbúð sem þeir búa í. Árið 2010 fannst 86% íbúanna frekar eða mjög gott að búa í íbúðinni. Tölfræðilega marktækur munur kemur fram á svörum árið 2014 og árið 2010 sem felst fyrst og fremst í því að árið 2014 þótti fleirum mjög gott að búa í íbúðinni en árið 2010.
- Hlutfallslega fleiri íbúar á landsbyggðinni (86%) en á höfuðborgarsvæðinu (75%) sögðust myndu kjósa að búa áfram í því húsnæði sem þeir voru í frekar en að búa við annars konar fyrirkomulag, miðað við núverandi tekjur.
- Einn af hverjum fjórum íbúum eru tilbúnir til að greiða hærri leigu ef þeir fengju stærra húsnæði sem er tölfræðilega marktæk aukning frá árinu 2010, en þá voru 18% svarenda tilbúnir til þess. Karlar (32%) voru frekar tilbúnir til að greiða hærri leigu fyrir stærra húsnæði en konur (20%) og yngri íbúar frekar en eldri íbúar. Fólk sem býr í Hátúni og á Sléttuvegi (32-34%) var frekar tilbúið að greiða hærri leigu en aðrir (22%). Ekki reyndist munur eftir ráðstöfunartekjum íbúa.
- Meirihluti svarenda (76%) taldi þjónustu á skrifstofu Brynju – Hússjóðs almennt góða.

## INNGANGUR

Haustið 2014 sá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um þjónustukönnun fyrir Brynju - Hússjóð Öryrkjabandalagsins. Könnunin var gerð á meðal leigjenda húsnæðis á vegum hússjóðsins. Markmið könnunarinnar var að meta starfsemi Brynju - Hússjóðs, koma auga á það sem betur mætti fara og styrkja það sem gott er. Ætlunin er að nýta þessar upplýsingar til að bæta þjónustu hússjóðsins. Árið 2010 gerði Félagsvísindastofnun samskonar þjónustukönnun og árið 2006 var áþekk könnun gerð sem beindist að ákveðnu húsnæði á vegum Brynju.

Hér verður gert fyrir niðurstöðum og sýndur samanburður við svör sem fengust í könnuninni árið 2010, þar sem það á við.

## FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Leitast var við að ná til allra íbúa í húsnæði á vegum Brynju – Hússjóðs, sem eru 632 talsins. Í byrjun október var íbúum sent bréf þar sem rannsóknin var kynnt og óskað eftir þátttöku þeirra. Í bréfinu kom fram að könnunin yrði send í tölvupósti til þeirra sem væru með skráð netfang hjá Brynju – Hússjóði en að spyrill á vegum Félagsvísindastofnunar myndi hringja í aðra innan nokkurra daga og leggja könnunina fyrir þátttakendur. Spyrilar á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands hringdu í íbúana á tímabilinu 23. september til 1. október 2014. Í símtalinu var þátttakendum boðið að svara könnuninni í gegnum síma eða svara henni á netinu. Alls tóku 458 íbúar þátt í könnuninni og er brúttósvörun því 72%. Meirihluti svarenda kaus að svara í gegnum síma en 77 svöruðu könnuninni á netinu. Af ýmsum ástæðum töldust 22 til brottfalls; 5 töluðu ekki íslensku, 16 gátu ekki tekið þátt af heilsufarsástæðum og einn var látinn. Nettósvarhlutfall í könnuninni var því 75% (sjá töflu i).

### *Tafla i. Framkvæmd könnunarinnar*

Upplýsingasöfnun	23. september – 1. október 2014
Framkvæmdarmáti	Síma- og netkönnun
Fjöldi í þýði	632
Fjöldi svarenda	458
Brúttó svarhlutfall	72%
Nettó svarhlutfall	75%

Árið 2010 var gerð símakönnun dagana 5. til 18. október meðal allra íbúa í húsnæði á vegum Brynju – Hússjóðs, 602 talsins. Alls tóku 379 þátt í könnuninni það árið og var brúttósvarhlutfall 63%. Alls gátu 41 einstaklingur ekki tekið þátt og var nettósvörun því 67%.

Í töflu ii má sjá svarhlutfall könnunarinnar 2014 eftir bakgrunni íbúa Brynju – Hússjóðs. Eins og sjá má er svarhlutfall meðal kvenna heldur hærra en meðal karla. Jafnframt var fólk líklegra til að taka þátt eftir því sem það var eldra. Þá má sjá að íbúar hússjóðsins á höfuðborgarsvæðinu svöruðu frekar en þeir sem búa úti á landi og svarhlutfallið var betra meðal íbúa á Sléttuvegi en meðal þeirra sem búa í Hátúni 10 eða annarstaðar.

**Tafla ii. Hlutfallsleg skipting aldurs í úrtaki og svörun**

	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall í úrtaki	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Svarhlutfall
<b>Heild</b>	632	100%	458	100%	72%
<b>Kyn</b>					
Karl	356	56%	254	55%	71%
Kona	276	44%	204	45%	74%
<b>Aldur</b>					
20-49 ára	216	34%	145	32%	67%
50-59 ára	178	28%	130	28%	73%
60 ára eða eldri	238	38%	183	40%	77%
<b>Búseta</b>					
Höfuðborgarsvæðið	516	82%	378	83%	73%
Landsbyggðin	116	18%	80	17%	69%
<b>Gata</b>					
Hátún 10	185	29%	129	28%	70%
Sléttuvegur	50	8%	41	9%	82%
Annað	397	63%	288	63%	73%

## ÚRVINNSLA

Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum í niðurstöðukafla. Töflurnar sýna hlutföll svarenda í afstöðu sinni til svarmöguleika sem í boði voru, sem og vikmörk fyrir hlutföllin. Vikmörk gefa til kynna með 95% vissu á hvaða bili má gera ráð fyrir að raunverulegt hlutfall í þýðinu sé (þ.e. ef allir íbúar hefðu svarað). Í bakgrunnstöflum má sjá spurningar greindar eftir bakgrunnspáttunum svarenda sem eru kyn, aldur, búseta, gata, hjúskaparstaða og ráðstöfunartekjur á mánuði. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Þónokkrir þátttakendur kusu að svara ekki spurningum um ráðstöfunartekjur og hjúskaparstöðu og þar af leiðandi er fjöldi svara undir „Hjúskaparstaða“ og Rráðstöfunartekjur á mánuði“ í greiningatöflum færri en heildarfjöldi svarenda gefur til kynna.

Þar sem það á við eru birt súlurit sem sýna meðaltal svara hvers hóps á mælistiku sem nær frá einum til fimm. Meðaltalið sýnir hve jákvæð eða neikvæð afstaða svarenda er að jafnaði. Því nær einum sem meðaltalið er, því neikvæðari er afstaðan en því nær fimm sem meðaltalið er, því jákvæðari er afstaðan. Niðurstöður eru jafnframt birtar í myndum sem sýna samanburð milli kannana árið 2010 og árið 2014, þar sem það á við. Neðan við hverja mynd má sjá niðurstöðu úr kí-kvaðrat marktektarprófi sem gefur til kynna hvort tölfræðilega marktækur munur sé á svörum eftir rannsóknarári.


Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ( $p < 0,05$ ). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar meðal allra íbúa á vegum Brynju - Hússjóðs. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ( $p < 0,01$ ) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ( $p < 0,001$ ). Sömuleiðis eru niðurstöður merktar óg ef gögnin uppfylltu ekki forsendur tölfræðiprófsins. Í þeim tilvikum er ekki hægt að álykta um það hvort sá munur sem birtist í úrtakinu sé til staðar meðal allra íbúa Brynju – Hússjóðs eða ekki. Í þeim spurningum þar sem svarmöguleikar voru fimm talsins voru svörin flokkuð saman í fjóra flokka þannig að svarmöguleikarnir tveir á öðrum hvorum enda kvarðans voru flokkaðir saman (t.d. annars vegar *mjög slæmt* og *frekar slæmt* og hins vegar *mjög gott* og *frekar gott*). Þetta var nauðsynlegt til þess að gögnin uppfylltu forsendur tölfræðiprófsins kí-kvaðrat. Niðurstöður eru í þessum tilvikum birtar eftir öllum fimm svarmöguleikunum en marktektarprófið reiknað á grundvelli fjögurra flokka skiptingar.

## BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

Eftirfarandi myndir og töflur sýna hlutfall svarenda skipt eftir bakgrunni. Eins og sjá má í töflu 1 og á mynd 1 var meirihluti svarenda karlar, eða 55%. Þá voru svarendur heldur fleiri í elsta hópnum en í þeim yngri (sjá töflu 2 og mynd 2).

**Tafla 1. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir kyni**


	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
Karl	254	55%	4,6%
Kona	204	45%	4,6%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>458</b>	<b>100%</b>	



**Mynd 1. Kyn svarenda**

**Tafla 2. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir aldri**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
19-49 ára	145	32%	4,3%
50-59 ára	130	28%	4,1%
60 ára og eldri	183	40%	4,5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>458</b>	<b>100%</b>	




**Mynd 2. Aldur svarenda**



Eins og sjá má í töflu 3 og á mynd 3 bjuggu langflestir svarenda á höfuðborgarsvæðinu, eða 83%. Tæplega fjórir af hverjum 10 íbúum hússjóðsins bjuggu annað hvort í Hátúni 10 eða á Sléttuvegi. Aðrir íbúar í húsnaði hússjóðsins eru dreifðari um höfuðborgarsvæðið eða búa á landsbyggðinni (sjá töflu 4 og mynd 4).

**Tafla 3. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir búsetu**


	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
Höfuðborgarsvæði	378	83%	3,5%
Landsbyggð	80	17%	3,5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>458</b>	<b>100%</b>	



**Mynd 3. Búseta svarenda**

**Tafla 4. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir heimilisfangi**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
Hátún 10	129	28%	4,1%
Sléttuvegur	41	9%	2,6%
Annað	288	63%	4,4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>458</b>	<b>100%</b>	




**Mynd 4. Heimilisfang svarenda**

Eins og tafla 5 og mynd 5 sýna eru flestir svarendur einhleypir, fráskildir, ekkjur eða ekkjar, eða 85%, en 15% eru í hjónabandi eða sambúð. Alls svöruðu 14 þátttakendur ekki spurningunni og af þeim sökum er fjöldi svara undir „Hjúskaparstaða“ í sumum bakgrunnstöflum færri en heildarfjöldi svarenda við spurningunni.

**Tafla 5. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir hjúskaparstöðu**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
Í hjónabandi eða sambúð	67	15%	3,3%
Einhleyp(ur)	231	52%	4,6%
Fráskilin(n)/ekkjja eða ekill	146	33%	4,4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>444</b>	<b>100%</b>	
Veit ekki	6		
Vil ekki svara	8		
<b>Alls</b>	<b>458</b>		




**Mynd 5. Hjúskaparstaða svarenda**

Þátttakendur voru spurðir hverjar ráðstöfunartekjur þeirra voru í síðasta mánuði, þ.e. útborgaðar tekjur eftir skatt. Tafla 6 og mynd 6 sýna niðurstöður um ráðstöfunartekjur þeirra. Ríflega þriðjungur svarenda hafði ráðstöfunartekjur undangenginn mánuð á bilinu 180-200 þúsund krónur. Rúmur þriðjungur svarenda hafði ráðstöfunartekjur hærra en 200 þúsund krónur undangenginn mánuð og 29% undir 180 þúsundum króna. Meðaltekjur þeirra sem svörðu spurningunni voru 195.216 krónur en enginn svarandi hafði ráðstöfunartekjur yfir 400 þúsundum króna á mánuði. Þónokkuð margir þátttakendur svörðu ekki spurningunni, eða 170 þeirra. Þar af leiðandi er fjöldi svara undir „Ráðstöfunartekjur á mánuði“ í sumum bakgrunnstöflum færri en heildarfjöldi svarenda við spurningunni.

**Tafla 6. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ráðstöfunartekjum**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
179 þúsund eða lægra	84	29%	5,2%
180-200 þúsund	101	35%	5,5%
201 þúsund eða hærra	103	36%	5,5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>288</b>	<b>100%</b>	
Veit ekki	137		
Vil ekki svara	33		
<b>Alls</b>	<b>458</b>		




**Mynd 6. Ráðstöfunartekjur svarenda**

## NIÐURSTÖÐUR

### 1. Hvenær fluttir þú fyrst í húsnæði á vegum Brynju – Hússjóðs ÖBÍ?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
1971-1990	24	6%	2,3%
1991-2000	97	24%	4,1%
2001-2005	69	17%	3,6%
2006-2010	89	22%	4,0%
2011-2014	131	32%	4,5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>410</b>	<b>100%</b>	
Veit ekki	46		
Vil ekki svara	2		
<b>Alls</b>	<b>458</b>		



### Bakgrunnsgreiningar


	1971-1990	1991-2000	2001-2005	2006-2010	2011-2014	Fjöldi svara
<b>Heild</b>	6%	24%	17%	22%	32%	410
<b>Kyn</b>						
Karl	4%	23%	18%	26%	30%	226
Kona	8%	25%	16%	17%	35%	184
<b>Aldur***</b>						
20-49 ára	2%	18%	15%	24%	42%	131
50-59 ára	3%	24%	18%	18%	38%	118
60 ára eða eldri	12%	29%	17%	23%	19%	161
<b>Búseta</b>						
Höfuðborgarsvæðið	6%	26%	17%	20%	31%	343
Landsbyggðin	4%	13%	13%	30%	39%	67
<b>Heimilisfang</b>						
Hátún 10	6%	21%	21%	20%	32%	114
Sléttuvegur	8%	33%	13%	25%	23%	40
Annað	5%	23%	16%	22%	34%	256
<b>Hjúskaparstaða</b>						
Í hjónabandi eða sambúð	6%	25%	23%	20%	25%	64
Einhleyp(ur)	6%	24%	14%	23%	33%	199
Fráskilin(n)/ekkjja eða ekill	7%	23%	17%	20%	34%	137
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði</b>						
179 þúsund eða lægra	6%	18%	22%	24%	30%	79
180-200 þúsund	5%	23%	19%	19%	33%	98
201 þúsund eða hærra	4%	21%	20%	20%	35%	100

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$ ,

<sup>09</sup>gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

## 2. Hvenær fluttir þú fyrst í þá íbúð sem þú ert í nú?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
1971-1990	15	4%	1,8%
1991-2000	39	9%	2,8%
2001-2005	36	9%	2,7%
2006-2010	141	33%	4,5%
2011-2014	192	45%	4,7%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>423</b>	<b>100%</b>	
Veit ekki	33		
Vil ekki svara	2		
<b>Alls</b>	<b>458</b>		



### Bakgrunnsgreiningar


	1971-1990	1991-2000	2001-2005	2006-2010	2011-2014	Fjöldi svara
<b>Heild</b>	4%	9%	9%	33%	45%	423
<b>Kyn</b>						
Karl	3%	8%	7%	38%	44%	234
Kona	5%	11%	10%	27%	48%	189
<b>Aldur**</b>						
20-49 ára	0%	10%	6%	32%	52%	136
50-59 ára	2%	6%	11%	31%	51%	121
60 ára eða eldri	8%	11%	9%	36%	36%	166
<b>Búseta</b>						
Höfuðborgarsvæðið	3%	9%	8%	34%	46%	352
Landsbyggðin	6%	10%	10%	31%	44%	71
<b>Heimilisfang<sup>ög</sup></b>						
Hátún 10	3%	3%	5%	35%	53%	116
Sléttuvegur	0%	20%	18%	28%	35%	40
Annað	4%	10%	9%	33%	43%	267
<b>Hjúskaparstaða</b>						
Í hjónabandi eða sambúð	5%	9%	14%	38%	35%	66
Einhleyp(ur)	3%	10%	7%	34%	47%	209
Fráskilin(n)/ekkja eða ekkill	4%	9%	9%	30%	48%	139
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði<sup>ög</sup></b>						
179 þúsund eða lægra	1%	4%	9%	36%	51%	81
180-200 þúsund	3%	6%	13%	36%	42%	100
201 þúsund eða hærra	2%	7%	10%	28%	53%	100

Marktækur munur er á háþpum; \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$ ,

<sup>ög</sup>gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

### 3. Finnst þér almennt gott eða slæmt að búa í þinni íbúð?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Mjög slæmt	14	3%	1,6%	2010
Frekar slæmt	33	7%	2,4%	
Hvorki gott né slæmt	36	8%	2,5%	
Frekar gott	102	22%	3,8%	
Mjög gott	272	60%	4,5%	
<b>Fjöldi svara</b>	<b>457</b>	<b>100%</b>		<b>2014</b>
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>458</b>			



### Bakgrunnsgreiningar

	Mjög slæmt (1)	Frekar slæmt (2)	Hvorki gott né slæmt (3)	Frekar gott (4)	Mjög gott (5)	Fjöldi svara	Meðaltal
<b>Heild</b>	3%	7%	8%	22%	60%	457	4,3
<b>Kyn</b>							
Karl	3%	6%	10%	25%	57%	253	4,3
Kona	3%	8%	5%	20%	63%	204	4,3
<b>Aldur</b>							
20-49 ára	3%	8%	8%	24%	57%	145	4,2
50-59 ára	4%	6%	8%	23%	58%	130	4,3
60 ára eða eldri	2%	8%	8%	20%	62%	182	4,3
<b>Búseta</b>							
Höfuðborgarsvæðið	3%	7%	7%	24%	59%	377	4,3
Landsbyggðin	1%	9%	10%	16%	64%	80	4,3
<b>Heimilisfang<sup>ög</sup> (**)</b>							
Hátún 10	4%	5%	14%	27%	50%	128	4,1
Sléttuvegur	5%	10%	10%	27%	49%	41	4,0
Annað	2%	8%	5%	20%	65%	288	4,4
<b>Hjúskaparstaða<sup>ög</sup> (*)</b>							
Í hjónabandi eða sambúð	7%	10%	7%	18%	57%	67	4,1
Einhleyp(ur)	3%	8%	10%	23%	56%	231	4,2
Fráskilin(n)/ekkja eða ekill	1%	5%	5%	21%	68%	146	4,5
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði<sup>ög</sup> (--)</b>							
179 þúsund eða lægra	2%	10%	7%	26%	55%	84	4,2
180-200 þúsund	5%	8%	8%	22%	57%	101	4,2
201 þúsund eða hærra	2%	7%	9%	22%	60%	103	4,3






Marktækur munur er á hópum; \*p < 0,05, \*\*p < 0,01, \*\*\*p < 0,001,

<sup>ög</sup>öggnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Flokkarnir *Mjög slæmt* og *Frekar slæmt* voru sameinaðir í tölfæðivinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

1 2 3 4 5

### 3. frh. Finnst þér almennt gott eða slæmt að búa í þinni íbúð?

	Mjög slæmt (1)	Frekar slæmt (2)	Hvorki gott né slæmt (3)	Frekar gott (4)	Mjög gott (5)	Fjöldi svara	Meðaltal
<b>Heild</b>	3%	7%	8%	22%	60%	457	 4,3
<b>Staður<sup>ög</sup> (*)</b>							
Hátún 10	4%	5%	14%	27%	50%	128	 4,1
Sléttuvegur	5%	10%	10%	27%	49%	41	 4,0
Höfuðborgarsvæði (annað en Hátún 10 og Sléttuvegur)	3%	7%	3%	21%	66%	209	 4,4
Landsbyggð	1%	9%	10%	16%	63%	79	 4,3

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$ ,


<sup>ög</sup>gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Flokkarnir *Mjög slæmt* og *Frekar slæmt* voru sameinaðir í tölfæðivinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

1 2 3 4 5

4. Ef þú miðar við þær tekjur sem þú hefur í dag, myndir þú kjósa að búa áfram í þessari íbúð eða myndir þú vilja búa við annars konar fyrirkomulag?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
Par sem ég bý nú	334	77%	3,9%
Annars konar fyrirkomulag	98	23%	3,9%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>432</b>	<b>100%</b>	
Veit ekki	22		
Vil ekki svara	4		
<b>Alls</b>	<b>458</b>		



$\chi^2(1)=0,642, p=0,423$

### Bakgrunnsgreiningar

	Par sem ég bý nú	Annars konar fyrirkomulag	Fjöldi svara
<b>Heild</b>	77%	23%	432
<b>Kyn</b>			
Karl	77%	23%	236
Kona	78%	22%	196
<b>Aldur</b>			
20-49 ára	73%	27%	141
50-59 ára	79%	21%	118
60 ára eða eldri	80%	20%	173
<b>Búseta*</b>			
Höfuðborgarsvæðið	75%	25%	354
Landsbyggðin	86%	14%	78
<b>Heimilisfang</b>			
Hátún 10	73%	27%	121
Sléttuvegur	67%	33%	36
Annað	81%	19%	275
<b>Hjúskaparstaða</b>			
Í hjónabandi eða sambúð	79%	21%	63
Einhleyp(ur)	75%	25%	216
Fráskilin(n)/ekkjja eða ekill	81%	19%	140
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði</b>			
179 þúsund eða lægra	78%	22%	79
180-200 þúsund	72%	28%	93
201 þúsund eða hærra	76%	24%	99

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$ ,

<sup>0</sup>gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.




**4. frh. Ef þú miðar við þær tekjur sem þú hefur í dag, myndir þú kjósa að búa áfram í þessari íbúð eða myndir þú vilja búa við annars konar fyrirkomulag?**

	Þar sem ég bý nú	Annars konar fyrirkomulag	Fjöldi svara
<b>Heild</b>	77%	20%	432
<b>Staður</b>			
Hátún 10	73%	27%	121
Sléttuvegur	67%	33%	36
Höfuðborgarsvæði (annað en Hátún 10 og Sléttuvegur)	79%	21%	198
Landsbyggð	86%	14%	77

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$ ,  
og gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

## 5. Værir þú tilbúin(n) til að greiða hærri leigu ef þú fengir stærra húsnæði?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
Já	108	26%	4,3%
Nei	302	74%	4,3%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>410</b>	<b>100%</b>	
Ekki viss	42		
Vil ekki svara	6		
<b>Alls</b>	<b>458</b>		



$\chi^2(1)=6,658, p<0,01^{**}$

### Bakgrunnsgreiningar


	Já	Nei	Fjöldi svara
<b>Heild</b>	26%	74%	410
<b>Kyn**</b>			
Karl	32%	68%	221
Kona	20%	80%	189
<b>Aldur***</b>			
20-49 ára	39%	61%	119
50-59 ára	24%	76%	119
60 ára eða eldri	19%	81%	172
<b>Búseta</b>			
Höfuðborgarsvæðið	26%	74%	341
Landsbyggðin	26%	74%	69
<b>Heimilisfang*</b>			
Hátún 10	34%	66%	119
Sléttuvegur	32%	68%	38
Annað	22%	78%	253
<b>Hjúskaparstaða**</b>			
Í hjónabandi eða sambúð	36%	64%	58
Einhleyp(ur)	30%	70%	208
Fráskilin(n)/ekkjja eða ekill	16%	84%	139
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði</b>			
179 þúsund eða lægra	23%	78%	80
180-200 þúsund	28%	72%	96
201 þúsund eða hærri	26%	74%	96

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$ ,

öögögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

## 6. Finnst þér þjónusta skrifstofu Brynju - Hússjóðs Öryrkjabandalagsins almennt vera góð eða slæm?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
Mjög slæm	20	6%	2,4%
Frekar slæm	30	8%	2,9%
Hvorki góð né slæm	37	10%	3,1%
Frekar góð	115	32%	4,8%
Mjög góð	158	44%	5,1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>360</b>	<b>100%</b>	
Veit ekki/hef ekki reynslu af því	93		
Vil ekki svara	5		
<b>Alls</b>	<b>458</b>		



### Bakgrunnsgreiningar

	Mjög slæm (1)	Frekar slæm (2)	Hvorki góð né slæm (3)	Frekar góð (4)	Mjög góð (5)	Fjöldi svara	Meðaltal
<b>Heild</b>	6%	8%	10%	32%	44%	360	4,0
<b>Kyn</b>							
Karl	6%	10%	10%	31%	43%	199	3,9
Kona	5%	6%	11%	34%	45%	161	4,1
<b>Aldur</b>							
20-49 ára	7%	10%	12%	31%	41%	113	3,9
50-59 ára	4%	8%	11%	39%	38%	105	4,0
60 ára eða eldri	6%	8%	8%	27%	51%	142	4,1
<b>Búseta<sup>ög</sup> (-)</b>							
Höfuðborgarsvæðið	6%	8%	10%	33%	43%	308	4,0
Landsbyggðin	2%	8%	12%	27%	52%	52	4,2
<b>Heimilisfang<sup>ög</sup> (-)</b>							
Hátún 10	8%	13%	10%	26%	43%	96	3,8
Sléttuvegur	6%	8%	17%	42%	28%	36	3,8
Annað	4%	7%	9%	33%	47%	228	4,1
<b>Hjúskaparstaða<sup>***</sup></b>							
Í hjónabandi eða sambúð	11%	7%	7%	39%	37%	57	3,8
Einhleyp(ur)	3%	12%	16%	30%	39%	183	3,9
Fráskilin(n)/ekkja eða ekill	5%	4%	4%	33%	54%	111	4,3
<b>Ráðstöfunartekjur á mánuði</b>							
179 þúsund eða lægra	6%	12%	9%	32%	42%	69	3,9
180-200 þúsund	5%	10%	10%	34%	41%	79	3,9
201 þúsund eða hærra	9%	5%	9%	35%	42%	88	4,0

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$ ,

<sup>ög</sup>gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Flokkarnir *Mjög slæm* og *Frekar slæm* voru sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

1 2 3 4 5